

Tveir samherjar

Asger Jorn og Sigurjón Ólafsson

Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70 Reykjavík

21. október 2017 – 15. maí 2018

Leiðir Sigurjóns Ólafssonar og Asgers Jorn lágu saman í Kaupmannahöfn árið 1937 þegar Asger hóf nám í máladeild Konunglega listaháskólans, eftir stutta, en lærdómsríka, dvöl í París. Sigurjón hafði þá lokið námi sínu við skólann, en var þar áfram daglegur gestur, því hann vann að gerð eigin verka í garði skólans. Þar að auki var Listaháskólinn og allt umhverfi hans kringum Kónungsins Nýjatorg suðupottur fyrir nýsköpun á öllum sviðum menningarlífsins.

Asger og Sigurjón tóku báðir þátt í sýningu *Linien* 1937 og *Skandinaverne* 1939, auk þess sem þeir sýndu saman á tjaldsýningunni *13 Kunstnere i Telt* á Bellevue árið 1941. Þar sýndi Sigurjón meðal annars *Drekann* og *Mann og konu*, sem nú er í eigu KUNSTEN Museum of Modern Art Aalborg (áður Nordjyllands Kunstmuseum). Asger átti hugmyndina að sýningunni og var tilgangurinn að gefa almenningi færi á að skoða framúrstefnulist í aldargömlum skemmtigarði Kaupmannahafnarbúa, Dyrehavsbakken við Klampenborg og Bellevue, en þangað sótti fólk afþreyingu á góðviðrisdögum. Í stað þess að sýna listaverkin í hátimbruðum sýningarsölum voru þau sett beint á grasflötina undir tjaldhimni. Um leið var sýningin andóf gegn hernámi Þjóðverja í Danmörku og viðbrögð við afturhaldssamri listpólitík nasista.

Þeir Asger Jorn og Sigurjón tóku þátt í dönsku andspyrnuhreyfingunni og áttu þar marga sameiginlega vini. Samband þeirra slitnaði að stríði loknu þegar Sigurjón sneri heim til Íslands og Asger leitaði suður á bóginn til Frakklands og Ítalíu. Sigurjón frétti af velgengni Asgers á sjötta áratugnum, þegar verk hans fóru að seljast fyrir háar upphæðir, en þá voru engin persónuleg samskipti milli þeirra. Því varð uppi fótur og fit þegar



*Asger Jorn, Sigurjón Ólafsson og Dagur Sigurjónsson.
Myndin er tekin í Hveragerði sumarið 1967.*

Asger stóð fyrir utan dyrnar hjá Sigurjóni á Laugarnesi eitt síðbúið kvöld í júlílok 1967. Hann sagðist ætla að fara huldu höfði, væri „incognito“, en erindið væri að hitta Selmu Jónsdóttur, forstöðumann Listasafns Íslands, og fá hana til að skrifa grein í nýtt ritverk hans sem átti að fjalla um fornnorræna alþýðulist í 10 þúsund ár. Næsta hálfu mánuðinn unnu þau Asger og Selma að þessu verkefni. Meðan á dvölinni stóð var Asger boðið heim til Halldórs Laxness og í framhaldi af kynnum þeirra myndskreytti hann viðhafnarútgáfu af *Sögunni af brauðinu dýra* sem hið þekktu grafíkverkstæði Erker-Presse í St. Gallen í Sviss vann og gaf út árið 1972.

Um verkin á sýningunni

Listasafn Íslands á sjö verk eftir Asger Jorn og rötuðu sex þeirra í safnið fyrir milligöngu Sigurjóns Ólafssonar.

Þegar Sigurjón flutti heim til Íslands í stríðslok 1945 hafði hann í farteski sínu gjöf frá Asger, olíumálverkið *Tron II* (númer 78 í heildarskrá Guys Atkins). Asger hafði unnið verkið árið 1937 í París og sýnt það, meðal annars á *Kunsternes Efterårsudstilling* í Kaupmannahöfn 1938 ásamt tveimur öðrum málverkum, en öll voru þau undir sterkum áhrifum frá Fernand Léger. Síðar lét Sigurjón myndina til bróður síns, Guðna Ólafssonar apótekara, því hann taldi að hún ætti frekar heima í öruggri íbúð hans í Vesturbænum en í hermannabragga sínum á Laugarnesi. Við andlát Guðna árið 1976 ákvað Sigurjón að láta myndina fylgja dánargjöf Guðna Ólafssonar til Listasafns Íslands. Asger lét skrá verkið og ljósmynda það meðan hann dvaldi á Íslandi árið 1967.

Þegar Asger Jorn kom til Íslands hafði hann meðferðis nokkrar grafíkmyndir. Sigurjóni tókst að vekja áhuga hans á að styrkja Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM), en félagið barðist fyrir að koma sér upp eigin sýningarsal. Það varð til þess að Asger færði félaginu þrjár steinprentsmyndir og tvær koparstungur sem FÍM gæti selt til ágóða fyrir hinn fyrirhugaða sal. Listasafn Íslands keypti myndirnar í desember 1967. Ágóðinn rann í sjóð sem notaður var til byggingar Kjarvalsstaða.


Á sýningunni *Tveir samherjar* er efnt til samtals á milli verka þessara tveggja vina og baráttufélaga. Miklar breytingar urðu á viðfangsefnum og myndmáli þeirra í áranna rás, því báðir voru sífellt að þreifa sig áfram með nýjar aðferðir og tilraunir. Það er athyglisvert að bera

málverkið *Tron II* saman við ljósmynd af hinu glataða verki Sigurjóns, *Drekann* frá 1939, sem að sögn listamannsins sjálfs var andóf hans við uppgangi nasismans í Þýskalandi. Bæði verkin einkennast af súrrealískri formgerð sem birtist í íbjúgum lífrænum formum. *Drekinn* er stór, ógnvekjandi skepna sem teygir sig yfir trjábol sem í er tálguð mannsmynd, sem virðist vernda eða halda utan um blóm. Í *Tron II* er vöxtur einnig ríkjandi tákn – en sterkir litir verksins kallast á við bláa og gyllta litanotkun Sigurjóns í *Fuglinum*, líka frá 1939. Samsömunin á milli verka þeirra svarar þó ekki spurningunni: Hvers vegna valdi Asger Jorn að gefa Sigurjóni einmitt þetta málverk?

Grafíkmyndir Asgers Jorn, sem hér eru sýndar, sýna frelsið í teikningu hans og átök hans við strangleika steinþrykksins og ætingarinnar. Þær kallast því á við nokkur vel valin verk eftir Sigurjón sem einnig mætti flokka undir sömu formerkjum, þótt efnin séu gjörólík. Með því að stilla saman skúlptúrum Sigurjóns og teikningum Asgers er varpað ljósi á myndræn og hugmyndafræðileg tengsl á milli þeirra. Þeir urðu fyrir svipuðum áhrifum frá frönskum súrrealisma á mótunarárum sínum, þótt bakgrunnur þeirra, listmenntun og úrvinnsla væri með ólíkum brag. Sýningin varpar því ljósi á frjótt tímabil í listum sem byggði á samskiptum og vináttu listamanna á áttatímum í dönsku þjóðfélagi og sýnir hvað slík vinátta leiddi af sér.

Birgitta Spur

Asger Jorn lauk kennaranámi í Silkeborg árið 1935 en ákvað fljótlega að helga sig myndlist. Árið 1936 fór hann til Parísar og sótti tíma hjá Fernand Léger í *Académie de L'Art Contemporaine*. Hann aðstoðaði Léger við að stækka veggmynd fyrir heimssýninguna í París árið 1937, og á sama tíma tók hann þátt í að reisa hið fræga sýningartjald arkitektsins Le Corbusier. Næstu árin dvaldist hann ýmist í Frakklandi eða í Danmörku eða þar til heimsstyrjöldin braust út haustið 1939.



Asger Jorn 1914–1973

Á stríðsárunum bjó hann í Danmörku og var mjög virkur þar ásamt félögum sínum sem tengdir voru framúrstefnuhópum eins og Linien, Høstudstillingen og Helhesten. Hann fékk snemma áhuga á teikningum barna og hóf að þróa aðferðir við að skapa sitt eigið sjálf-sprottna myndmál. Meðal annars leitaði hann samstarfs við leikskóla sonar síns í Kaupmannahöfn (Børnehaven i Hjortøgade), þar sem hann kynntist sköpunarvinnu barnanna. Í desember 1944 málaði hann veggmyndir í húsnæði skólans ásamt málurunum Carl-Henning Pederesen, Else Alfelt, Ejler Bille, Henry Heerup, Erik Thommesen og Egill Jacobsen. Hann tók þátt í dönsku andspyrnuhreyfingunni og um tíma prentaði hann hið forboðna mál gagn Kommúnistaflokks Danmerkur, *Land og Folk*, á prentvél í íbúð sinni.

Asger Jorn var upphafsmaður að mörgum stórum verkefnum, listamannasamtökum, bókaútgáfum og tímaritum, svo sem *Helhesten*, sem var gefið út í Danmörku á árunum 1941–1944. Hann var meðstofnandi að sýningarsamtökunum *Cobra* og einn helsti forsprakki

samtakanna á árunum 1948–1951. Eftir stríð dvaldist hann langdvölum í Albisola á Ítalíu, en bjó lengst af í París, þar sem hann var meðal annars þátttakandi í hreyfingunni *L'Internationale situationniste*. Tilgangur hreyfingarinnar var að umbylta neyslusamfélagi nútímans og virkja almenning í skapandi starfi. Á tímabilinu 1961–1967 einbeitti Asger sér að umfangsmiklu rannsóknarverkefni sem hann kallaði *Skandinavisk Institut for Sammenlignende Vandalisme (SISV)*, með það að markmiði að safna og miðla þekkingu um norræna myndlist fyrri alda. SISV átti að stofna til útgáfu á ríkulaga myndskreyttu riti í 32 bindum: *Norræn alþýðulist í 10.000 ár*. Því miður lauk Asger ekki verkinu, en ljósmyndirnar sem hann safnaði, um það bil 25.000 talsins, allar teknar af færustu ljósmyndurum, eru varðveittar í Museum Jorn í Silkeborg.

Þann 26. ágúst 2017 var opnuð, í Listasafni Íslands að Fríkirkjuvegi 7, sýning sem gefur mynd af nálgun Asgers á þessu verkefni. Þar má sjá um eitt hundrað kontaktprent (e. contact-sheets) frá ferð hans til Gotlands árið 1964.

Æviverk Asgers Jorn er mikið að vöxtum. Hann var einstaklega fjölhæfur og óhemju afkastamikill og skildi eftir sig þúsundir málverka, teikninga, grafík, skúlpúra, keramik og myndvefnað. Auk þess var hann mikilvirkur rithöfundur og skáld. Asger var félagslyndur og sérstaklega örlátur maður. Safn hans í Silkeborg var stofnað með gjöfum hans, eigin verkum og verkum sem hann keypti af vinum sínum og félögum, innlendum sem erlendum. Hann er nú talinn í hópi áhrifamestu norrænna listamanna tuttugustu aldar. Verk hans má finna í helstu söfnum heims.

